



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 5. mars 2018.

Reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 20. febrúar sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ. Reglugerðin hefur þegar verið birt á heimasíðu KSÍ og gildir fyrir árið 2019.

Helstu breytingar á reglugerðinni eru kynntar hér að neðan en mikilvægt er að aðildarfélög KSÍ kynni sér reglugerðina ítarlega.

Helstu breytingar á reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ eru eftirfarandi:

- Framlag í sjóðinn fyrir árið 2019 er 50 mkr. (háð gengi evru á hverjum tíma).
- Opnað er fyrir styrkveitingar vegna viðhaldsverkefna, s.s. endurnýjun gervigrass
- Viðmiðunarskilyrði fyrir hámarksstyrk úr sjóðnum fest í reglugerðinni
- Nú er heimilt að sækja tvívegis um styrk fyrir hvert einstakt verkefni ef fyrri styrkveiting úr mannvirkjasjóði nægir ekki til að loka kostnaðarþætti verksins, og styrktarfjárhæð er innan hámarksfjárhæða, skv. reglugerðinni.
- Stuðst verður við sérstakt skorkort, unnið af mannvirkjanefnd KSÍ, við mat á umsóknum þar sem grunnþáttum í forsendum úthlutunar verður gefið vægi.
- Umsækjandi skal leita eftir áliti mannvirkjanefndar KSÍ, s.s. vegna endurnýjunar á leikvelli (gras yfir í gervigras eða endurnýjun gervigrass) áður en framkvæmdir hefjast. Í þeim tilvikum sem framkvæmd er unnin án þess að vera til þess fallin að uppfylla ákvæði reglna/leyfiskerfa KSÍ, þá fellur styrktarheimild niður.
- Fjárhæð styrkveitingar skal miðast við fjárhæð án virðisaukaskatts ef endurgreiðsla á virðisaukaskatti er í boði fyrir umrædda framkvæmd.
- KSÍ birtir árlega lista yfir styrki sem veittir hafa verið úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.